| | |
|---|---|
| **Búið til – útg.** | 20. maí 2021 – 2. útg |
| **Námsgrein** | Enska |
| **Titill** | Enska fyrir sjálfstæðan notanda, b1/b2 |
| **Skammstöfun** | ENSK2BA05 |
| **Viðfangsefni** | Evrópski tungumálaramminn, stig b1-b2 |
| **Staða áfanga** | Samþykkt af skóla |
| **Þrep áfanga** | 2 |
| **Einingafjöldi áfanga** | 5 |
| **Lýsing áfanga** | Áhersla er lögð á lestur bæði bókmennta- og rauntexta þannig að nemandi geti beitt mismunandi lestraraðferðum. Hlustunaræfingar miða að því að nemendur geti skilið ótextað myndefni. Aukin áhersla lögð á að byggja upp og auka við hagnýtan orðaforða og grunnstig þverfaglegs orðaforða vísinda og fræða. Talþjálfun miðar að því að nemendur læri að orða hugsanir sínar skýrt og skilmerkilega í samtölum og frásögnum. Í ritunarþætti áfangans er lögð áhersla á setningaskipan, orðaforða og skipulega framsetningu |
| **Forkröfur áfanga** | Einkunnin B, B+ eða A úr grunnskóla eða ENSK1AA01 |
| **Þekkingarviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**<br>• hagnýtum og grunnstigum þverfaglegs orðaforða til notkunar í námi á efri þrepum (miðað við Academic Word List og Word Frequency Lists)<br>• reglum um setningaskipan og notkun tengiorða, svo og skipulega framsetningu texta, sbr. ritgerðasmíð |
| **Leikniviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**<br>• lesa og skilja fjölbreytilega rauntexta, svo og bókmenntatexta<br>• nota og skilja daglegt mál og geta í aðalatriðum fylgst með málefnum líðandi stundar<br>• tjá sig munnlega á skýran og skiljanlegan hátt um almenn málefni<br>• tjá sig skriflega á skipulegan hátt |
| **Hæfniviðmið** | **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:** |

| | |
|---|---|
| | • lesa rauntexta og bókmenntatexta og átta sig á merkingu þeirra<br>• skilja efni úr fjölmiðlum<br>• taka þátt í samræðum, og gera grein fyrir sínum skoðunum á skýran hátt um málefni líðandi stundar<br>• skrifa stuttar ritgerðir og greinar á skipulegan hátt |
| **Námsmat** | Símat. Mat yfir önnina er byggt á ritunarverkefnum, prófum, munnlegum verkefnum og verkefnaheftum. |